



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Vinnumálastofnun  
b.t. Gissurar Péturssonar  
forstjóra  
Kringlunni 1  
103 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2014

1411032SA KB  
Málalykill: 305

### Efni: Viðtalsaðstaða fyrir ráðgjafa Vinnumálastofnunar

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 21. nóvember 2014 var lagt fram bréf Vinnumálastofnunar, dags. 13. nóvember 2014, þar sem óskað er eftir stuðningi stjórnar sambandsins við að beina því til sveitarfélaganna að þau láti Vinnumálastofnun í té aðstöðu fyrir ráðgjafa sína til þess að taka viðtöl við atvinnuleitendur.

Stjórnin tók jákvætt í erindið enda fellur það að stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2014-2018 um aukið samstarf.

Í stefnumörkuninni kemur eftirfarandi fram:

*„Sambandið skal vinna að því að allir þeir sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum njóti lögboðinnar starfsendurhæfingar og vinnumarkaðsúrræða á forræði Vinnumálastofnunar. Lögð verði áhersla á að ríki og sveitarfélög vinni sameiginlega að því að sporna gegn langtímaatvinnuleysi, með sérstakri áherslu á að ungu, atvinnulausu fólki verði tryggð viðeigandi virkniúrræði. Til að fjármagna tímabundin aukin útgjöld sveitarfélaga vegna þessara verkefna verði þeim tryggð sanngjörn hlutdeild í almennu tryggingagjaldi.*

***Sambandið skal vinna að því að sveitarfélögin tengist enn frekar en nú er verkefnum Vinnumálastofnunar á sviði vinnumiðlunar og úrræða fyrir alla þá sem þurfa aðstoð á vinnumarkaði. Tekjustofn verði tryggður til að standa undir kostnaði sveitarfélaga við þetta samstarfsverkefni með markvissari hætti en nú er og að sveitarfélögunum verði með lögum eða þjónustusamningum falið stærra hlutverk við vinnumiðlun og úrræði fyrir atvinnuleitendur og aðra þá sem standa höllum fæti á almennum vinnumarkaði.***

Framangreint tilkynnist hér með og er afrit þessa svars sent öllum sveitarfélögum með afriti af framangreindu erindi Vinnumálastofnunar.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Afrit: Öll sveitarfélög